

# Samþykt

135  
4. des.

## um kynbætur nautgripa í Borgarfjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 20, 20. okt. 1905, gert eftirfylgjandi

## Samþykt

um kynbætur nautgripa í Borgarfjarðarsýslu.

### 1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skulu allir skyldir að geyma öll graðneyti 5 mánaða og eldri, annaðhvort í gripaheldri girðingu, öruggu hliðarhólfi, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem stjórnir nautgriparæktunarfjelaga, eða, þar sem ekkert slikt fjelag er, hlutaðeigandi hreppsnefnd telur tryggan.

### 2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, er þá ábúanda heimilt að aftra því að það gjöri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða því um líkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gjört aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

### 3. gr.

Nú hefir graðneyti sloppið úr geymslu og gjört skaða á kúm, áður en það var hindrað samkvæmt 2. gr., og er eigandi þá skyldur að bæta þann skaða að fullu.

Ákvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast óhindruð á samþyktar-svæðinu, eins þótt eigandi þess sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

### 4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. grein skal greiða eftir mati tveggja óvillhallra manna, og útnefna málsaðilar sinn hvor.

Komi matsmenn sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sjer oddamann. Geti málsaðilar ekki komið sjer saman um útnefning matsmanna, útnefnir sýslumaður mennina, ef annarhvor málsaðila eða báðir fara þess á leit. Komi matsmenn sjer ekki saman um oddamann er hlutaðeigandi hreppstjóri þess hrepps, þar sem tjónið verður, sjálfkjörin oddamaður, sje hann ekki við málið

**135** riðinn, ella sje hann útnefndur af sýslumanni. Mat matsmanna er bindandi, og  
 4. des. skal birt hlutaðeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda

5. gr.

Í þeim hreppum, þar sem kynbótafjelög nautgripa eru þegar stofnuð, eða síðar verður komið á fót, má eigi nota önnur naut til undaneldis á fjelagssvæðinu, svo framarlega sem því verður viðkomið, en þau er fjelagsstjórnin hefir valið, enda sjeu þau þá geymd á hentugum stöðum.

6. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis, skulu vera hraust og þroskamikil, og af því besta kyni sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan. Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis (kynbótagripir), skal vanda sem allra best. Leita skulu fjelagsstjórnir álits eftirlitsmanns kynbótafjelagsins um val undaneldisnauta.

7. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktaarsvæðinu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum samþykta þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndir falið eftirlitið stjórnnum nautgripaæktunarfelaga þeirra, er til eru á því svæði, er hvert einstakt fjelag nær yfir, ef þær vilja takast það á hendur. Kostnaður sá, sem af eftirlitinu leiðir, og ekki má fara fram úr 5 aurum fyrir hverja kú, greiðist úr hlutaðeigandi hreppssjóðum.

8. gr.

Brot gegn 1. og 5. gr. varðar sektum frá 5—50 krónum, er renna í sveitar-sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

9. gr.

Með brot gegn samþykta þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykta þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 4. des. 1914.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson,**

*Jón Hermannsson.*